



Langtímavarsla rafrænna gagna Reykjavíkurborgar

Tillögur frá Borgarskjalasafni

SVANHILDUR BOGADÓTTIR

BORGARSKJALAVÖRÐUR

KYNNING FYRIR MNL RÁÐI MARS 2020

Borgarskjalasafn og langtímavarðveisla rafrænna gagna Reykjavíkurborgar

- ▶ Borgarskjalasafn eitt af opinberu skjalasöfnum landsins sem fellur undir lög nr. 77/2014. Þjóðskjalasafn og 20 héraðsskjalasöfn landsins.
- ▶ Forsenda þess að borgarstofnanir geti hætt að prenta út og varðveita rafrænt er að Borgarskjalasafn geti:
 - ▶ Tekið á móti tilkynningum um kerfi til samþykktar.
 - ▶ Haft starfsmann til að veita afhendingaraðilum og birgjum ráðgjöf um kerfisóháðar vörsluútgáfur.
 - ▶ Haft starfsmann/menn til að yfirfara og prufa vörsluútgáfur.
 - ▶ Gengið frá útgáfum til langtímavarðveislu / yfirfæra á nýja miðla eftir þörfum.
 - ▶ Gert gögnin aðgengileg til notkunar og leitarhæf til framtíðar.

Aðferðafræðin

- ▶ Aðferðarfræði og regluverk Þjóðskjalasafns við langtímavörslu á rafrænum gögnum byggist á aðferðum frá danska ríkisskjalasafninu og hefur safnið unnið eftir því síðasta áratug.
- ▶ Borgarskjalasafn þarf að fylgja sama regluverki og ÞÍ og vinna skv. dönsku aðferðafræðinni.
- ▶ Ekki finna upp hjólið – heldur fara í samstarf.
 - ▶ Danska ríkisskjalasafnið
 - ▶ BSR þyrfti að vera með öflugt móttökuverkstæði og fleiri sérfræðinga. Safnið þyrfti að sinna öllum þáttum verkefnisins sjálfst með tilheyrandi kostnaði.
 - ▶ NEA – á vegum Borgarskjalasafn Kaupmannahafnar. Sinna verkefninu fyrir sig og 28 skjalasöfn sveitarfélaga í Danmörku.
 - ▶ BSR yrði meðlimur í NEA. Minni kostnaður og meira rekstraröryggi. Hluti af verkefninu útvistaður til NEA en Borgarskjalasafn myndi sinna öðrum þáttum.

Lagt er til:

- ▶ Gerður verði skammtímasamningur við NEA til 31. nóvember 2020 þar sem NEA veitir Borgarskjalasafni undirbúningsráðgjöf um langtíma varðveislu og yrði kostnaður við hana um DKR 30.000.
- ▶ Í nóvember 2020 verði gerður samningur við NEA til eins árs um að þeir sjái um ákveðna þjónustupætti í langtíma varðveislu fyrir Borgarskjalasafn. Áætlaður kostnaður er DKR 70.000 og rúmast það innan fjárhagsramma safnsins á árinu.
- ▶ Á samningstímanum verður haft samráð við innkauparáð varðandi beiðni um undanþágu frá innkaupareglum vegna langtímasamnings við NEA, þar sem um sérhæft verkefni er að ræða sem bundið er reglum ÞÍ um langtíma varðveislu.
- ▶ Gengið frá langtímasamning við NEA fyrir nóvember 2021, að fengnu samráði við innkauparáð og persónuverndarfulltrúa.